



Eldsneytisspá 2012-2050

Endurreikningur á spá frá 2008 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

Orkuspárnefnd

OS-2012/01

Eldsneytisspá 2012-2050

Endurreikningur á spá frá 2008 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum

Orkuspárnefnd

OS-2012/01

ISBN 978-9979-68-311-7

Orkustofnun

Orkugarður • Grensásvegji 9 • 108 Reykjavík • Sími 569 6000 • Fax: 568 8896 • os@os.is • www.os.is

Skýrsla nr.: OS-2012/0X	Dags.: Apríl 2012	Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
		Skilmálar:

Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Eldsneytisspá 2012-2050. Endurreikningur á spá frá 2008 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum.	Upplag: 50
	Fjöldi síðna: 54
Höfundar: Orkuspárnefnd annaðist Efla verkfræðistofa, Jón Vilhjálmsson og Ingvar Baldursson	Verkefnisstjóri: Ágústa Loftsdóttir
Gerð skýrslu / Verkstig: Eldsneytisspá	Verknúmer: 4167003

Unnið fyrir:
Samvinnuaðilar:

Útdráttur: Í skýrslunni er fjallað um eldsneytisnotkun fram til ársins 2050. Hún er unnin á vegum Orkuspárnefndar fyrir Orkustofnun og er endurreikningur á spá frá 2008 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum. Notkunin er greind í innlenda notkun og millilandanotkun. Spáð er fyrir olíunotkun, kolanotkun, gasnotkun og tilkomu nýrra orkugjafa á tímabilinu. Innlend notkun olíu var 475 þúsund tonn árið 2011 og verður 377 þúsund tonn árið 2050. Millilandanotkun olíu var 197 þúsund tonn árið 2011 og verður 404 þúsund tonn árið 2050. Hærra eldsneytisverð hefur til lengri tíma litið þau áhrif að notkunin verður minni og færist að hluta yfir á nýja orkugjafa. Endurreiknaða spáin er borin saman við eldri spá og kemur þar fram að notkunin hefur breyst nokkuð í kjölfar hrunsins árið 2008.

Lykilorð: Ísland, eldsneytisspá, eldsneytisnotkun, olía, kol, gas, olíuverð	ISBN-númer: 978-9979-68-311-7
	Undirskrift verkefnisstjóra:
	Yfirfarið af: Eldsneytishópi Orkuspárnefndar

EFNISYFIRLIT

1	ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	7
2	FORSENDUR.....	9
3	RAUNTÖLUR SÍÐUSTU ÁRA	13
3.1	VERÐÞRÓUN Á ALÞJÓÐAMARKAÐI OG OLÍUNOTKUN Í HEIMINUM SÍÐUSTU ÁRATUGI	13
3.2	OLÍUNOTKUN ÍSLENDINGA SÍÐUSTU ÁRATUGI	16
4	ÁÆTLUÐ ELDSNEYTISNOTKUN.....	19
4.1	NOTKUN OLÍU.....	19
4.2	NOTKUN NÝRRRA ORKUGJAFÁ Í STAÐ OLÍU.....	26
4.3	NOTKUN KOLA	26
4.4	GASNOTKUN.....	26
5	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2008.....	31
	RITASKRÁ	35
	VIÐAUKI 1 SÖGULEG ÞRÓUN ELDSNEYTISNOTKUNAR.....	37
	VIÐAUKI 2 EININGAR	45
	VIÐAUKI 3 ELDSNEYTISNOTKUN SKIPT NIÐUR Á TEGUNDIR	49

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 3.1	OLÍUNOTKUN ÍSLENDINGA 1990-2011 (ÚRGANGSOLÍA EKKI MEÐTALIN).....	16
TAFLA 3.2	NOTKUN ÍSLENDINGA Á KOLUM, GASÍ OG ÚRGANGSOLÍU 1990-2011.....	17
TAFLA 4.1	SPÁ UM NOTKUN OG INNFLUTNING OLÍU (ÚRGANGSOLÍA MEÐTALIN).	20
TAFLA 4.2	SPÁ UM NOTKUN OLÍU SKIPT NIÐUR Á NOTKUNARÞETTI (ÚRGANGSOLÍA MEÐTALIN).	21
TAFLA 4.3	SPÁ UM NOTKUN NÝRRA ORKUGJAFÁ Í STAÐ OLÍU, OLÍUÍGILDI.	27
TAFLA 4.4	SPÁ UM KOLANOTKUN ÍSLENDINGA.....	28
TAFLA 4.5	SPÁ UM GASNOTKUN ÍSLENDINGA.	29

MYNDASKRÁ

MYND 2.1	MEÐALÁRSNOTKUN BIFREIÐA Á BENSÍNI 1983-2011, Í HLUTFALLI VIÐ MEÐALBIFREIÐAFJÖLDA... 11	
MYND 2.2	MEÐALÁRSNOTKUN BIFREIÐA Á DÍSILOLÍU 1983-2011, Í HLUTFALLI VIÐ MEÐAL BIFREIÐAFJÖLDA.	11
MYND 2.3	SKIPTING NOTKUNAR BENSÍNS OG DÍSILOLÍU Á BIFREIÐAR, RAUNTÖLUR 1972-2011.	12
MYND 3.1	MEÐALVERÐ Á HRÁOLÍU, ARABIAN LIGHT, 1. JANÚAR ÁRIN 1970 TIL 2011 OG UK BRENT 1980 TIL 2011.	14
MYND 4.1	SPÁ UM INNLENDANOTKUN Á OLÍU TÍMABILIÐ 2012-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1993-2011.....	23
MYND 4.2	SPÁ UM HLUTFALLSLEGA AUKNINGU INNLENDRAR OLÍUNOTKUNAR ÁRIN 2012-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1993-2011.....	23
MYND 4.3	SPÁ UM MILLILANDANOTKUN Á OLÍU TÍMABILIÐ 2012-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1993-2011.....	24
MYND 4.4	SPÁ UM HLUTFALLSLEGA AUKNINGU MILLILANDANOTKUNAR OLÍU ÁRIN 2012-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1993-2011.....	24
MYND 4.5	SPÁ UM NOTKUN OLÍU EFTIR NOTKUNARFLOKKUM TÍMABILIÐ 2012-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1993-2011, SALA ALLS Á ÍSLANDI.	25
MYND 4.6	SPÁ UM NOTKUN OLÍU OG NÝRRA ORKUGJAFÁ Í STAÐ OLÍU EFTIR TEGUNDUM TÍMABILIÐ 2012-2050 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1993-2011, SALA ALLS Á ÍSLANDI.....	25
MYND 5.1	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2008, INNLEND NOTKUN OLÍU.	32
MYND 5.2	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2008, MILLILANDANOTKUN OLÍU.	32
MYND 5.3	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2008, NOTKUN INNLENDRA FISKISKIPA.	33
MYND 5.4	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2008, OLÍUNOTKUN BIFREIÐA.....	33
MYND 5.5	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2008, OLÍUNOTKUN TÆKJA.....	34
MYND 5.6	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2008, NOTKUN NÝRRA ORKUGJAFÁ Í STAÐ OLÍU.....	34

1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Eldsneytishópur orkusparnefndar hefur farið yfir forsendur síðustu eldsneytisspár, frá 2008, út frá nýjum gögnum sem borist hafa frá því spáin kom út (sjá heimildir um nýjar upplýsingar í ritaskrá). Þetta er í annað skipti sem eldsneytisspá er endurreiknuð á milli þess sem hún er endurskoðuð frá grunni en nefndin hefur gert slíkt árlega varðandi raforkuspár sem komið hafa út á 5-7 ára fresti.

Innlend notkun olíu var 475 þúsund tonn árið 2011 en spáð hafði verið að hún yrði 540 þúsund tonn. Millilandanotkun var 197 þúsund tonn en spáð var að hún yrði 230 þúsund tonn. Spáin hefur því reynst nokkuð hærrí en raunnotkunin enda var niðursveiflan sem hófst árið 2008 ekki fyrir séð þegar spáin var unnin og olíuverð hefur verið hærrí en ráð var fyrir gert. Kolanotkun var heldur minni en búist var við eða 136 þúsund tonn í stað 154 þúsund tonna enda lagðist byggingastarfsemi nánast af við hrúnið og sementsframleiðsla því lítil undanfarin ár sem skýrir um helming af frávikinu en hinn helmingurinn er hjá stóriðju. Gasnotkunin árið 2011 var 2,6 þúsund tonn en spáð var 5,0 þúsund tonna notkun. Meginástæða þessarar breytingar er minni notkun í iðnaði og í stóriðju en þessir aðilar hafa á móti aukið raforkunotkun sína.

Við þennan endurreikning minnkar innlenda notkunin lítillega árið 2050 eða úr 422 þúsund tonnum í 377 þúsund tonn. Millilandanotkunin minnkar úr 435 þúsund tonnum í 404 þúsund tonn árið 2050. Þegar horft er á einstaka notkunarflokkana eru breytingar mestar í notkun tækja og flugvéla. Samhliða efnahagssamdrætti undanfarinna ára og minnkun verklegra framkvæmda hefur notkun á eldsneyti minnkað sem skilar sér í minni notkun fyrstu ár spátímabilsins en eldri spá gerði ráð fyrir. Til lengri tíma litið minnkar síðan frávikin milli endurreiknaðrar spár og spár frá 2008. Varðandi millilandanotkunina hefur frávikin frá spánni 2008 farið minnkandi síðustu tvö ár enda hefur notkun í millilandaflugi vaxið hratt.

Segja má að varðandi innanlandsnotkunina sé því spáð að tækniframfarir, orkusparnaður og nýir orkugjafar haldi í við aukna orkuþörf vegna fólksfjölgunar svo sem hvað varðar bíla og iðnað en að tækniframfarirnar verði hægengari þegar kemur að millilandanotkuninni og þar hafi fólksfjölgun og hagvöxtur mikil áhrif á notkunina.

Í viðauka 1 hér að aftan er sýnd söguleg þróun eldsneytisnotkunar frá árunum 1991 – 2011 eftir tegund eldsneytis og notkunarflokkum. Í viðauka 2 eru sýndar einingar og í viðauka 3 er spánni skipt niður á tegundir.

Vegna vinnu við spána hefur eldsneytishópurinn haldið 7 fundi á árunum 2011 og 2012. Eftirtaldir eiga sæti í hópnum:

<i>Orkustofnun:</i>	<i>Ágústa S. Loftsdóttir, formaður</i>
<i>Umhverfisstofnun:</i>	<i>Birna Hallsdóttir</i>
<i>Sérfræðingur í olíumálum:</i>	<i>Magnús Ásgeirsson</i>
<i>Ritari eldsneytishóps:</i>	<i>Jón Vilhjálmsson, EFLA verkfræðistofa</i>

Vinnslu efnis og frágang texta hafa Jón Vilhjálmsson og Ingvar Baldursson hjá EFLU verkfræðistofu annast. Þessi skýrsla er einnig birt á heimasíðu Orkuspárnefndar, sjá www.orkuspa.is.

2 FORSENDUR

Sett hafa verið inn í orkusparlíkanið ný gögn um eldsneytisnotkun, mannfjölda og ýmsar hagstærðir. Hafa ber í huga að þjóðfélagið hefur breyst mikið undanfarin ár samhliða miklum framkvæmdum í orkumannvirkjum, iðjuverum og húsbyggingum sem leiddu af sér mikinn aðflutning erlendra ríkisborgara til landsins. Eftir þetta mikla hagvaxtarskeið, en því fylgdi veruleg aukning raforkunotkunar, kom haustið 2008 mesta samdráttarskeið sem sést hefur hér á landi áratugum saman. Afleiðing samdráttarins var m.a. minnkuð orkunotkun bæði raforku- og eldsneytisnotkun. Eftirtaldir breytingar hafa verið gerðar á forsendum eldsneytisspárinnar frá 2008:

- 1) **Landsframleiðsla:** Fyrir næstu ár er tekið mið af áætlun frá Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands, sjá Peningamál frá 17. ágúst 2011 og Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 24. nóvember 2011. Landsframleiðsla dróst saman um 6,7% árið 2009 og 4% árið 2010 en árið 2011 er talið að hún hafi aukist um 3,1%. Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er miðað við að landsframleiðsla muni aukast um 2,4% árið 2012 og 2,5% árið 2013. Í forsendum eldsneytisspár er einungis gert ráð fyrir þeim stóriðjuframkvæmdum sem þegar hafa verið ákveðnar og gengið hefur verið frá öllum samningum um þær og orkukaupum. Miðað er því við heldur minni hagvöxt á allra næstu árum en fram kemur í áætlun Hagstofu Íslands og Seðlabankans enda er hér gert ráð fyrir minni framkvæmdum við stóriðjuver. Í spá til lengri tíma er jafnvæghagvöxtur talinn vera 2,2–2,5% á ári en veruleg óvissa er ætíð í spám um hagvöxt.
- 2) **Mannfjöldi og fjöldi heimila:** Í þessum endurreikningi er notuð fólksfjöldaspá Hagstofu Íslands frá mars 2011, fyrir árabilið 2011–2060. Forsendur spárinnar eru í aðalatriðum þær sömu og lýst var í Hagtíðindum 13. júlí 2010. Nokkrar breytingar voru þó gerðar á reiknilíkönunum fyrir búferlaflutninga. Síðustu árin hafa orðið verulegar breytingar hvað varðar aðflutning og brottflutning fólks og af þeim sökum hefur fjölgun fólks verið mjög mismikil undanfarin ár. Árið 2011 var mannfjöldi á landinu (um mitt ár) rúmlega 319 þúsund manns og hafði þá fjölgað um eitt þúsund manns frá 2010 en fjöldinn er nú álíka mikill og árið 2008. Í spánni frá 2008 var fjöldinn áætlaður rúmlega 327 þúsund. Spáin nú miðar við að um 418 þúsund manns verði á landinu árið 2050 en árið 2008 var miðað við nokkuð meiri fjölda eða 425 þúsund manns. Mikla óvissu verður að telja í forsendunni um aðflutning fólks en hér er miðað við spá Hagstofu Íslands. Þróun síðustu ára hvað varðar aðflutning fólks hefur verið eftirfarandi undanfarin ár:

Ár	Aðfluttir umfram brottflutta
2011	-1.400
2010	-2.100
2009	-4.800
2008	1.100
2007	5.100
2006	5.300


2005

3.900


Meðaltal aðfluttra umfram brottflutta síðustu fimm ár er um -400 á ári en ef horft er á síðustu tuttugu ár hafa að meðaltali 400 fleiri flutt til landsins á ári en frá því. Síðustu fimm ár fluttu að meðaltali rúmlega 1.200 Íslendingar frá landinu á ári umfram þá sem fluttu til landsins en flutningarnir voru á hinn veginn hvað varðar erlenda ríkisborgara, 800 fleiri fluttu að meðaltali til landsins en frá því.

- 3) **Þróun olíuverðs:** Olíuverð á heimsmarkaði hefur hækkað á undanfönum árum. Frá því síðasta spá kom út árið 2008 hefur olíuverð verið hátt í sögulegu samhengi. Aukin þörf í heiminum fyrir olíu, sérstaklega í Kína og öðrum þróunarríkjum, hefur verið ein aðalorsökin fyrir háu olíuverði undanfarin ár. Flestir sérfræðingar spá því að olíuverð verði áfram hátt á næstu árum og til lengri tíma litið er gert ráð fyrir hækkandi olíuverði og gerir t.d. EIA ráð fyrir að það verði komið í 145 USD/tunnu árið 2035 (verðlag 2010, sjá Energy Information Administration, 2012). Í byrjun árs 2011 var verðið rúmum 90 USD/tunnu en að undanfönu hefur það verið ennþá hærra eða nálægt 120 USD/tunnu. Helsta ástæða fyrir háu olíuverði næstu áratugi er aukin notkun olíu og þá sérstaklega í samgöngum en EIA spáir að notkunin muni aukast um 1,0 % á ári til 2035 (sjá Energy Information Administration, 2011).
- 4) **Atvinnustarfsemi:** Nýjar rauntölur hafa verið settar inn varðandi atvinnustarfsemi í landinu þar sem slíkt liggur fyrir samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands.
- 5) **Fiskafli:** Varðandi fiskveiðar og vinnsla hafa aflatölur næstu ára verið samræmdar nýjustu tölum Hafrannsóknastofnunarinnar (sjá Hagstofa Íslands, 2012). Til lengri tíma litið eru aflatölur óbreyttar frá því sem gert var ráð fyrir í spánni frá 2008.
- 6) **Flutningar með skipum:** Engar breytingar eru gerðar á forsendum varðandi flutninga með skipum. Hafa þarf í huga að í gögnum um eldsneytisnotkun síðustu ára lendir líklega notkun erlendra flutningaskipa með notkun erlendra fiskiskipa.
- 7) **Bifreiðar:** Frá árinu 2008 hefur innflutningur bifreiða verið lítill og bifreiðum hefur heldur fækkað á þessu tímabili. Nýjar tölur hafa verið fengnar um fólksbifreiðaeign eftir aldri og kyni og er hér tekið mið af tölum í lok árs 2011. Bifreiðaeign karla helst óbreytt út spátímabilið en hjá konum hækkar hún en er nú heldur lægri árið 2050 en í spánni frá 2008. Út frá þessum gögnum er nú áætlað að bifreiðar verði heldur færri en í spánni frá 2008 og munar rúmlega 17 þúsund bifreiðum árið 2050 og akstur minnkar um 10% frá þeirri spá.

Orkunotkun bifreiða á ekinn km hefur verið lækkuð í samræmi við nýjar rauntölur en þróunin á spátímabilinu er síðan áætluð á sama hátt og í síðustu spá, sjá myndir 2.1 og 2.2. Hátt eldsneytisverð leiðir af sér að notkun fer minnkandi á ekinn km og einnig mun hlutur annarra orkugjafa en olíu aukast á spátímabilinu en þó minna en í spánni frá 2008.




Mynd 2.1 Meðalársnotkun bifreiða á bensíni 1983-2011, í hlutfalli við meðalbifreiðafjölda.



Mynd 2.2 Meðalársnotkun bifreiða á dísilolíu 1983-2011, í hlutfalli við meðalbifreiðafjölda.

Á mynd 2.3 má sjá hlutfallslega skiptingu notkunar á milli bensíns og dísilolíu á bifreiðar landsmanna. Árið 2011 var hlutfallið 57% bensín og 43% dísilolía en gert er ráð fyrir að hlutur dísilolíu muni standa í stað á spátímabilinu í samræmi við þróun síðustu ára. Ef skoðaðar eru tölur um fjölda bifreiða er hlutfallið aðeins annað. Árið 2011 voru 73% bifreiða með bensínmótor (174.219 bílar) en 27% ganga fyrir dísilolíu (63.625 bílar) og aðrir orkugjafar 449 bílar.



Mynd 2.3 Skipting notkunar bensíns og dísilolíu á bifreiðar, rauntölur 1972-2011.

- 8) **Flug:** Innanlandsflug hefur dregist saman frá því að það náði hámarki árið 2007 og hefur notkun þotueldsneytis hér innanlands á síðustu tveimur áratugum einungis tvívegis verið minni en hún var árið 2011. Út frá rauntölum síðustu ára er nú gert ráð fyrir heldur minni flutningum í innanlandsflugi til lengri tíma litið og við lok spátímabilsins munar um 10% frá spánni 2008. Flutningar með millilandaflugi minnkuðu mikið í kjölfar hrunsins 2008 en nú eru þeir farnir að vaxa að nýju og framundan virðist að nýju vera verulegur vöxtur á þessu sviði. Hér er gert ráð fyrir að niðursveiflan að undanfögnu hafi seinkað vexti þessa þáttar en gert er ráð fyrir að hraður vöxtur næstu ár muni leiða til þess að flutningarnir í millilandaflugi verði einungis 4% minni en í eldri spá við lok spátímabilsins. Þar að auki er gert ráð fyrir að frekari árangur náist í bættri orkunýtingu svo notkun þotueldsneytis árið 2050 verði um 8% minni en í spánni frá 2008.

3 RAUNTÖLUR SÍÐUSTU ÁRA


Síðustu áratugi hefur olía verið mest notaði orkugjafinn í heiminum. Stærstu þekktu olíulindir heimsins eru í Arabaríkjunum við Persaflóa en notkunin er mest í iðnríkjunum. Milliríkjavíðskipti með olíu eru því mikil. Verðbreytingar á olíu hafa mikil áhrif um allan heim og á það einnig við hér á landi.

3.1 Verðþróun á alþjóðamarkaði og olíunotkun í heiminum síðustu áratugi

Mynd 3.1 sýnir hráolíuverð á Arabian Light frá 1970 fram til janúar 2011. Frá árinu 2005 hefur olíuverð hækkað mikið m.a. vegna aukinnar eftirspurnar samhliða miklum hagvexti í Kína, Indlandi og í öðrum þróunarríkjum. Flestar spár gera ráð fyrir að verðið haldist hátt áfram á næstu árum og að til lengri tíma litið muni það halda áfram að hækka sem mun skila sér í aukinni áherslu á orkusparnað og tilfærslu yfir á aðra orkugjafa.


Á mynd 3.2 er sýnt meðalverð frá dælu á bensíni og dísilolíu og eins og þar sést hefur verðið sveiflast í takt við hráolíuverð á heimsmarkaði. Árið 2011 var verð á dísilolíu að meðaltali hærra en á bensíni en það ár var eldsneytisverð hér á landi hærra en áður hefur sést eins og fram kemur á myndinni.

Á myndum 3.3 og 3.4 er sýnd vinnsla hráolíu og sannreyndar olíulindir. Á mynd 3.4 eru notaðar tölur frá BP bæði fyrir stærð olíulinda og olíuframleiðslu frá og með árinu 1994. Samkvæmt upplýsingum BP er áætlað að þekktar olíulindir nýtist í rúmlega 45 ár og hefur þessi tími verið að aukast á undanförunum árum þrátt fyrir aukna olíunotkun.




Mynd 3.1 Meðalverð á hráolíu, Arabian Light, 1. janúar árin 1970 til 2011 og UK Brent 1980 til 2011.

Heimild: Energy Information Administration, 2011.




Mynd 3.2 Meðalverð frá dælu á gasolíu og bensíni 1970-2011 á verðlagi í janúar 2012.



Mynd 3.3 Vinnsla hráolíu í heiminum tímabilið 1970 til 2007.

Heimild: Energy Information Administration, 2011.



Mynd 3.4 Fjöldi ára sem sannreyndar olíulindir munu duga miðað við vinnslu viðkomandi árs.

Heimild: BP, 2011 og Energy Information Administration, 2011.

3.2 Olíunotkun Íslendinga síðustu áratugi

Eins og fram kemur í töflu 3.1 fór olíunotkun hér innanlands vaxandi fram til 2007 en síðan þá hefur hún farið minnkandi.

Tafla 3.1 Olíunotkun Íslendinga 1990-2011 (úrgangsolía ekki meðtalin).

Ár	Innlendnotkun Þús. tonn	Millilanda- notkun Þús. tonn	Samtals Þús. tonn
1990	515	101	616
1991	502	82	584
1992	546	83	630
1993	563	93	655
1994	553	97	650
1995	556	120	676
1996	585	125	710
1997	597	140	737
1998	582	163	745
1999	589	167	756
2000	557	198	756
2001	548	158	705
2002	575	164	739
2003	578	151	729
2004	590	182	773
2005	575	169	744
2006	588	202	789
2007	599	228	827
2008	551	209	759
2009	548	161	710
2010	504	178	682
2011	475	197	672

Tafla 3.2 Notkun Íslendinga á kolum, gasi og úrgangsolíu 1990-2011.

Ár	Kol Þús. tonn	Gas Þús. tonn	Úrgangsolía Þús. tonn
1990	95	1,2	0,0
1991	97	1,5	0,0
1992	70	1,3	0,0
1993	69	1,4	0,0
1994	102	1,5	1,4
1995	92	1,2	5,0
1996	91	1,4	5,6
1997	95	1,7	4,6
1998	85	1,7	5,2
1999	99	2,0	6,3
2000	137	2,0	6,1
2001	149	2,2	4,0
2002	149	2,1	3,8
2003	148	2,2	0,4
2004	155	2,2	0,9
2005	150	2,3	1,8
2006	151	2,7	0,0
2007	164	3,1	2,3
2008	140	3,1	2,2
2009	129	2,8	0,9
2010	130	2,6	1,4
2011	136	2,6	1,2

4 ÁÆTLUÐ ELDSNEYTISNOTKUN

Eldsneytisspáin hefur verið endurreiknuð miðað við lauslega endurskoðaðar helstu forsendur og raungögn áráanna 2008, 2009, 2010 og 2011 og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 4.1 til 4.5 og myndum 4.1 til 4.6. Fyrst eru teknar saman upplýsingar um notkun olíu, síðan notkun nýrra orkugjafa, þá notkun kola og að lokum um notkun á gasi.

4.1 Notkun olíu

Á töflu 4.1 má sjá áætlaða olíunotkun Íslendinga til ársins 2050 ásamt rauntölum síðustu ára. Notkuninni er þar skipt niður á innlenda notkun og millilandanotkun á eftirfarandi hátt:

Innlend notkun: Öll kaup á olíu hér á landi til innlendra nota. Kaup erlendra fiskiskipa héraendis eru ekki talin með hér.

Millilandanotkun: Kaup íslenskra og erlendra flugfélaga og skipafélaga á eldsneyti á Íslandi til millilandaflutninga. Einnig kaup erlendra fiskiskipa á eldsneyti hér á landi.

Rýrnun: Sýnd er áætluð rýrnun við flutning og geymslu olíu. Notkun úrgangsolíu kemur til frádráttar rýrnuninni.

Innflutningur: Heildarinnflutningur á olíu til landsins.

Tafla 4.2 sýnir notkunina greinda niður á einstaka notkunarþætti. Notkun skipa og flugvéla er tvískipt, annars vegar *innlend notkun* og hins vegar *millilandanotkun* (merk annars vegar I. og hins vegar M.).

Eins og fram kemur í töflunum nær notkun olíu hámarki um 2040 og fer síðan minnkandi þar sem gert er ráð fyrir að aðrir orkugjafar verði þá farnir að taka við af olíunni sbr. hér að aftan.

Tafla 4.1 Spá um notkun og innflutning olíu (úrgangsolía meðtalin).

Ár	Innlend notkun Þús. tonn	Millilanda- notkun Þús. tonn	Samtals Þús. tonn		Rýrmun Þús. tonn	Inn- flutningur Þús. tonn
1993*	563	93	655		10,7	666,0
1994*	554	97	652		10,8	662,4
1995*	561	120	681		11,2	692,1
1996*	591	125	716		11,7	727,6
1997*	602	140	741		12,1	753,3
1998*	587	163	750		12,3	762,1
1999*	595	167	762		12,6	774,8
2000*	563	198	762		12,6	774,2
2001*	552	158	709		11,9	721,3
2002*	579	164	742		12,3	754,8
2003*	579	151	730		12,2	742,0
2004*	591	182	774		13,1	786,6
2005*	577	169	746		12,7	758,3
2006*	588	202	789		13,3	802,7
2007*	601	228	829		13,7	842,9
2008*	553	209	761		12,7	774,0
2009*	549	161	710		11,9	722,3
2010*	505	178	684		11,5	695,1
2011*	476	197	674		11,2	684,8
2012	471	214	685		11,6	696,4
2013	472	227	699		11,8	710,7
2014	475	236	712		12,0	723,9
2015	479	246	724		12,2	736,5
2016	479	255	734		12,3	745,8
2017	477	263	739		12,4	751,9
2018	481	270	751		12,6	763,7
2019	481	277	758		12,7	771,0
2020	473	283	756		12,7	768,3
2025	461	314	775		12,7	787,7
2030	459	345	804		13,0	817,0
2035	458	372	830		13,5	843,3
2040	449	393	842		13,7	855,8
2045	424	405	829		13,5	842,6
2050	377	404	781		12,8	793,6

* Rauntölur

Tafla 4.2 Spá um notkun olíu skipt niður á notkunarpætti (úrgangsolía meðtalin).

Ár	Heimili og Sundl	Fiski-skip I	Iðnaður	Bifreiðar	Tæki	Flug I	Skip I	Þjónusta	Orku-frekur iðnaður	Fiski-skip M	Flug M	Skip M	Samtals
	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn	Þús. tonn
1993*	11,8	244,0	68,5	173,8	36,5	7,9	19,2	1,0	0,0	0,0	62,0	30,7	655,3
1994*	11,5	240,6	62,4	176,3	37,2	7,2	18,2	1,0	0,0	0,0	67,7	29,5	651,6
1995*	11,6	244,6	62,8	172,7	46,7	9,4	11,8	1,1	0,0	44,4	74,8	1,1	680,9
1996*	12,3	262,0	79,0	166,4	45,3	10,6	13,9	1,3	0,0	33,1	86,0	6,0	715,9
1997*	8,3	255,9	87,6	176,2	54,6	10,0	8,5	0,7	0,0	34,9	92,6	12,1	741,2
1998*	10,5	246,7	77,5	178,6	55,2	10,5	6,5	1,4	0,0	39,6	107,1	16,3	749,8
1999*	10,3	241,3	80,1	186,6	60,5	10,0	5,7	1,1	0,0	39,4	115,1	12,3	762,2
2000*	7,7	227,1	62,6	190,2	61,9	8,8	4,0	1,0	0,0	52,0	129,2	17,0	761,6
2001*	6,5	202,0	75,5	192,2	60,5	7,8	6,5	0,9	0,0	28,3	110,6	18,7	709,4
2002*	6,0	222,3	85,3	194,9	56,7	6,8	5,9	1,1	0,0	38,5	98,2	26,9	742,5
2003*	3,9	211,3	65,1	219,5	52,0	7,0	10,7	0,6	8,8	39,3	105,5	6,1	729,8
2004*	4,6	202,0	60,8	231,1	62,4	7,4	15,3	0,1	7,6	55,3	120,4	6,6	773,5
2005*	4,6	198,0	45,1	240,2	67,8	8,3	7,1	0,0	5,8	34,6	133,6	0,6	745,6
2006*	2,6	174,0	42,0	275,7	61,3	8,9	16,2	1,4	5,4	38,0	158,4	5,5	789,4
2007*	2,6	179,4	34,7	285,9	61,7	7,0	19,4	5,6	5,2	62,0	162,1	3,8	829,2
2008*	1,6	164,0	26,9	269,9	59,0	8,3	17,4	1,4	4,3	57,8	135,5	15,2	761,3
2009*	1,7	189,4	25,0	270,4	40,7	6,9	10,0	0,8	4,1	50,1	108,8	2,6	710,4
2010*	1,7	169,6	23,3	255,8	32,2	6,7	11,1	1,0	4,0	58,6	119,5	0,1	683,6
2011*	1,9	158,6	22,9	251,9	27,7	6,4	5,9	0,7	0,5	47,7	133,7	15,8	673,6
2012	1,7	141,3	27,0	247,3	25,1	7,6	15,8	1,0	4,4	61,2	147,8	4,6	684,8
2013	1,7	140,9	26,4	251,0	24,1	7,6	15,8	1,0	3,6	61,1	161,2	4,6	698,9
2014	1,6	140,6	25,8	254,4	24,1	7,7	15,7	1,0	4,5	60,9	170,8	4,7	711,9
2015	1,9	140,6	25,2	257,7	24,4	7,7	15,7	1,0	4,5	60,8	180,2	4,7	724,3
2016	1,7	140,8	24,6	258,3	24,7	7,8	15,6	1,0	4,4	60,6	189,2	4,8	733,5
2017	1,6	141,7	24,1	255,4	24,9	7,9	15,6	1,0	4,4	60,5	197,6	4,8	739,5
2018	1,6	143,3	23,7	258,2	25,2	7,9	15,5	1,0	4,4	60,3	205,3	4,8	751,1
2019	1,5	146,0	23,3	256,0	25,5	7,9	15,4	1,0	4,3	60,2	212,2	4,9	758,3
2020	1,4	149,8	23,1	243,7	25,8	8,0	15,4	1,0	4,3	60,0	218,2	4,9	755,6
2025	1,1	184,6	25,9	192,9	27,2	8,4	15,3	1,0	4,2	60,0	249,1	5,2	775,0
2030	0,8	198,0	26,1	176,5	28,6	8,7	15,1	1,0	4,1	60,0	279,5	5,4	804,0
2035	0,8	194,4	24,6	178,7	29,9	9,0	15,0	1,0	4,1	60,0	306,7	5,6	829,8
2040	0,8	185,8	22,6	179,4	30,9	9,3	14,9	1,0	4,0	60,0	327,6	5,8	842,1
2045	0,8	172,1	20,4	170,4	31,0	9,3	14,7	1,0	3,9	60,0	339,4	6,0	829,1
2050	0,7	151,4	18,0	148,3	29,9	9,2	14,6	1,0	3,8	60,0	337,7	6,1	780,8


* Rauntölur

Á mynd 4.1 er sýnd áætluð innlend notkun næstu 40 árin ásamt rauntölum síðustu ára. Mynd 4.2 sýnir síðan hlutfallslega aukningu innlendra olíunotkunar. Notkunin hefur minnkað verulega síðustu fjögur árin vegna minni notkunar fiskiskipa og tækja. Notkun fiskiskipa hefur minnkað allt frá árinu 1996 m.a. vegna minnkandi veiða á fjarlægum miðum og vegna minni loðnuveiði. Samkvæmt þessari spá mun innlenda notkunin að mestu standa í stað næstu áratugi en síðustu tíu ár spátímabilsins fer hún þó minnkandi.


Myndir 4.3 og 4.4 sýna millilandanotkunina eins og áætlað er að hún verði næstu fjóra áratugin auk þess sem fram koma rauntölur síðustu ára. Notkunin minnkaði verulega árin 2008 og 2009 en tók að vaxa að nýju á árinu 2010 og spáð er áframhaldandi vexti á næstu árum.

Á myndum 4.5 og 4.6 er sýnd heildarsala á Íslandi á olíu og nýjum orkugjöfum sem munu koma í stað olíu á næstu áratugum skipt niður eftir flokkum notkunar og tegundum eldsneytis. Bæði er um að ræða innlenda notkun og millilandanotkun. Notkun olíu er nú mest í bifreiðum, eins og fram kemur á mynd 4.5, og stendur hún í stað á næstu árum og minnkar síðan þegar nýir orkugjafar fara að leysa olíu af hólmi en hið háa olíuverð um þessar mundir er hvati að slíkri breytingu. Næstmest er notkun olíu hjá innlendum fiskiskipum en fram til 2002 var notkunin mest þar. Þessi notkun hefur minnkað verulega en miðað er við að hún aukist að nýju samhliða uppbyggingu fiskistofnanna. Spáin gerir ráð fyrir að notkun flugfélaga vaxi langmest, hún eykst um 150% fram til 2050 og verður stærsti flokkurinn í lok spátímabilsins.


Eins og fram kemur á mynd 4.6 er spáð nokkurri aukningu í notkun gasolíu, en fiskiskip eiga mestan þátt í þeirri aukningu. Notkun svartolíu er talin munu hverfa á spátímabilinu sökum krafna um að nota eldsneyti sem hefur minni umhverfisáhrif og færast sú notkun yfir á gasolíu og raforku. Hér er því gert ráð fyrir að umhverfisáhrifin ráði ferðinni fremur en áhrif þess að spáð er háu olíuverði næstu árin sem leiðir af sér að notendur sækji í ódýrustu olíuna sem þeir eiga möguleika á að nota. Gert er ráð fyrir að bensínsala standi að mestu í stað næsta rúma áratug en minnki síðan vegna tilkomu nýrra orkugjafa. Notkun olíu í flugvélum mun ná hámarki fyrir lok spátímabilsins samkvæmt þessari spá.




Mynd 4.1 Spá um innlenda notkun á olíu tímabilið 2012-2050 ásamt rauntölum árána 1993-2011.




Mynd 4.2 Spá um hlutfallslega aukningu innlendrar olíunotkunar árin 2012-2050 ásamt rauntölum árána 1993-2011.




Mynd 4.3 Spá um millilandanotkun á olíu tímabilið 2012-2050 ásamt rauntölum árunna 1993-2011.



Mynd 4.4 Spá um hlutfallslega aukningu millilandanotkunar olíu árin 2012-2050 ásamt rauntölum árunna 1993-2011.



Mynd 4.5 Spá um notkun olíu eftir notkunarflokkum tímabilið 2012-2050 ásamt rauntölum árána 1993-2011, sala alls á Íslandi.



Mynd 4.6 Spá um notkun olíu og nýrra orkugjafa í stað olíu eftir tegundum tímabilið 2012-2050 ásamt rauntölum árána 1993-2011, sala alls á Íslandi.

4.2 Notkun nýrra orkugjafa í stað olíu

Í töflu 4.3 er sýnd notkun á nýjum orkugjöfum í stað olíu. Á undanförunum árum hefur sú notkun sem þar er sýnd verið að langmestu leyti raforka sem hefur komið í stað olíu í iðnaði. Einnig hefur verið smávægileg notkun á metani og vetni og hefur notkun metans vaxið hratt samhliða hækkandi olíuverði. Hér er þó ekki tekin með notkun hjá kyntum hitaveitum þar sem þær koma ekki síður í staðinn fyrir beina rafhitun en olíukyndingu. Eitthvað hefur verið um notkun nýrra orkugjafa í samgöngum en það er enn sem komið er óverulegt. Á seinni hluta spátímabilsins fara síðan nýir orkugjafar að láta verulega að sér kveða á öðrum sviðum svo sem bifreiðum, fiskiskipum og flugvélum. Ekki er reynt að skipta notkuninni niður eftir orkugjöfum þar sem óljóst er hvernig sú skipting verður. Notkun annarra orkugjafa er því sýnd í olíuigildi.

4.3 Notkun kola

Kolanotkun hér á landi var tæp 140 þúsund tonn árið 2011 og hefur aukist mikið samhliða aukinni stóriðju. Sementsverksmiðjan hefur farið út í að nota úrgangsolíu og skautleifar sem koma í stað hluta af kolanotkuninni. Sementssala hefur minnkað mikið á undanförunum árum og hefur sementsframleiðslu nú verið hætt tímabundið. Óvíst er um framhaldið og því er ekki gert ráð fyrir kolanotkun vegna sementsframleiðslu í spánni nú. Ekki er búist við því að kolanotkun aukist á kostnað olíunnar þar sem olían er mest notuð í samgöngum og fiskveiðum þar sem engin áform eru um að nota kol. Enn fremur er ólíklegt að um frekari notkun kola verði að ræða í hefðbundnum iðnaði. Tafla 4.4 sýnir áætlaða notkun kola á spátímabilinu. Einungis er hér tekin með sú stóriðja sem er í rekstri eða komin er á framkvæmdastig og er því ekki meðtalin hugsanleg ný stóriðja svo sem nýjar kísilverksmiðjur sem rætt hefur verið um að byggja í Helguvík og á Bakka við Húsavík en þær mundu væntanlega kalla á verulega aukna kolanotkun.

4.4 Gasnotkun

Notkun á gasi náði hámarki árið 2008 og síðan þá hefur hún minnkað mest vegna þess að raforka hefur verið að koma í staðinn fyrir gas í iðnaði og í stóriðju. Gert er ráð fyrir að þessi notkun fari að vaxa að nýju sökum aukinnar notkunar á heimilum og í þjónustu samhliða því að hagvöxtur glæðist að nýju, sjá töflu 4.5. Samanborið við olíu- og kolanotkunina hér á landi er þessi þáttur eldsneytisnotkunar landsmanna mjög lítill.

Tafla 4.3 Spá um notkun nýrra orkugjafa í stað olíu, olíuígildi.

Ár	Innlend- notkun Þús. tonn	Millilanda- notkun Þús. tonn	Samtals Þús. tonn
1993*	5	0	5
1994*	6	0	6
1995*	11	0	11
1996*	14	0	14
1997*	15	0	15
1998*	12	0	12
1999*	11	0	11
2000*	14	0	14
2001*	14	0	14
2002*	17	0	17
2003*	23	0	23
2004*	22	0	22
2005*	20	0	20
2006*	21	0	21
2007*	20	0	20
2008*	20	0	20
2009*	19	0	19
2010*	17	0	17
2011*	19	0	19
2012	23	0	23
2013	24	0	24
2014	25	0	25
2015	25	0	25
2016	27	0	27
2017	29	0	29
2018	30	0	30
2019	32	0	32
2020	37	0	37
2025	57	1	57
2030	72	1	73
2035	86	3	89
2040	107	6	114
2045	143	14	157
2050	199	29	228

* Rauntölur

Tafla 4.4 Spá um kolanotkun Íslendinga.

Ár	Innlend notkun Þús. tonn	Rýrnun- Þús. tonn	Inn- flutningur Þús. tonn
1993*	69,0	0,0	69,0
1994*	102,2	0,0	102,2
1995*	92,1	0,0	92,1
1996*	91,3	0,0	91,3
1997*	94,7	0,0	94,7
1998*	85,0	0,0	85,0
1999*	99,4	0,0	99,4
2000*	137,5	0,0	137,5
2001*	149,1	0,0	149,1
2002*	148,6	0,0	148,6
2003*	148,2	0,0	148,2
2004*	154,8	0,0	154,8
2005*	149,6	0,0	149,6
2006*	150,9	0,0	150,9
2007*	163,6	0,0	163,6
2008*	139,8	0,0	139,8
2009*	129,4	0,0	129,4
2010*	130,0	0,0	130,0
2011*	136,5	0,0	136,5
2012	128,6	0,0	128,6
2013	128,6	0,0	128,6
2014	128,6	0,0	128,6
2015	128,6	0,0	128,6
2016	128,6	0,0	128,6
2017	128,6	0,0	128,6
2018	128,6	0,0	128,6
2019	128,6	0,0	128,6
2020	128,6	0,0	128,6
2025	128,6	0,0	128,6
2030	128,6	0,0	128,6
2035	128,6	0,0	128,6
2040	128,6	0,0	128,6
2045	128,6	0,0	128,6
2050	128,6	0,0	128,6

* Rauntölur

Tafla 4.5 Spá um gasnotkun Íslendinga.

Ár	Innlend notkun Tonn	Rýrnun- Tonn	Inn- flutningur Tonn
1993*	1.360	35	1.395
1994*	1.476	38	1.514
1995*	1.206	31	1.237
1996*	1.414	36	1.450
1997*	1.672	43	1.715
1998*	1.700	44	1.744
1999*	2.021	52	2.073
2000*	2.034	52	2.086
2001*	2.218	57	2.275
2002*	2.052	53	2.105
2003*	2.249	58	2.307
2004*	2.208	57	2.265
2005*	2.281	59	2.340
2006*	2.719	70	2.789
2007*	3.053	78	3.131
2008*	3.126	80	3.206
2009*	2.797	72	2.869
2010*	2.637	68	2.705
2011*	2.585	66	2.651
2012	2.494	64	2.558
2013	2.445	63	2.508
2014	2.591	66	2.658
2015	2.633	68	2.701
2016	2.676	69	2.745
2017	2.722	70	2.792
2018	2.768	71	2.839
2019	2.814	72	2.887
2020	2.862	73	2.935
2025	3.109	80	3.189
2030	3.376	87	3.463
2035	3.666	94	3.760
2040	3.962	102	4.064
2045	4.261	109	4.371
2050	4.563	117	4.680


* Rauntölur

5 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2008


Áætluð eldsneytisnotkun á spátímabilinu er sýnd á myndum 5.1 – 5.6. Innlenda notkunin er nokkuð minni á næstu árum en í eldri spá í samræmi við þær breytingar sem hafa átt sér stað á undanförunum árum en þegar horft er lengra fram í tímann minnkar frávikið frá spánni 2008 eins og fram kemur á mynd 5.1. Notkun tækja á eldsneyti hefur minnkað verulega á undanförunum árum en fiskiskip hafa notað heldur meira eldsneyti en gert var ráð fyrir í spánni frá 2008.

Millilandanotkunin hefur verið minni en ráð var fyrir gert og stafar það af minni flutningum í kjölfar hrunsins hér á landi árið 2008. Breytingar í hina áttina urðu þó á árinu 2010, er mikil aukning varð að nýju í þessari starfsemi sem hélt áfram árið 2011 og horfur eru á áframhaldandi aukningu á næstu árum.


